

Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.


Inngangur.

Forsætisráðherra leggur nú skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga fyrir Alþingi í sjötta sinn. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál árið 2020. Þá er fjallað stuttlega um aðalatriði laga nr. 72/2019 sem breyttu upplýsingalögum, nr. 140/2012, og starf ráðgjafa um upplýsingarétt almennings árið 2020. Loks eru reifaðir valdir úrskurðir nefndarinnar sem kveðnir voru upp á árinu 2020 í kærumálum frá fjölmiðlum.

Fjöldi mála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Árið 2020 voru stofnuð 268 mál í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Það eru talsvert fleiri mál en árið 2019, en líkt og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd hefur málum fjölgað mjög undanfarin ár og voru þau til að mynda rúmlega þrefalt fleiri árið 2020 en árið 2017.

Mynd 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar á árunum 2013–2020.



Málin skiptust á milli mánaða á árinu eins og hér greinir:

Tafla 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál árið 2020.

2020	
Mánuður	Mál
Janúar	23
Febrúar	25
Mars	14
Apríl	19
Maí	16
Júní	15
Júlí	15
Ágúst	24
September	31
Október	27
Nóvember	30
Desember	29
Samtals:	268


Mál voru jafnframt flokkuð eftir tegundum þeirra. Langflest málanna, eða 228 mál, voru kærur til úrskurðarnefndarinnar, ýmist vegna synjunar beiðni um aðgang að gögnum eða vegna tafa á afgreiðslu slíkrar beiðni. Úrskurðarnefndinni bárust einnig þrjár beiðnir um endurupptöku máls en leyst er úr slíkum erindum með úrskurði. Í málaskrá nefndarinnar eru einnig skráðar nokkrar fyrirspurnir, eða 17 talsins. Þá bárust nefndinni tvö erindi frá umboðsmanni Alþingis. Þau mál sem flokkuð eru sem „annað“ varða flest innri málefni úrskurðarnefndarinnar.

Tafla 2: Tegundir mála árið 2020.

2020	
Tegund	Mál
Kærumál	228
Fyrirspurnir	17
Frestun réttaráhr.	0
Endurupptaka	3
UA	2
Annað	18
Samtals:	268

Kærumálum fjölgaði nokkuð á milli ára en kærur voru 191 árið 2019. Til samanburðar voru kærur 165 árið 2018 og 72 árið 2017.

Mynd 2: Fjöldi kærumála til úrskurðarnefndar um upplýsingamál árin 2013–2020.



Kærumál voru flokkuð nánar eftir því hvort kærandi var einstaklingur, fyrirtæki, félagsamtök eða fjölmiðill. Langflest kærumál voru frá einstaklingum, eða 162 mál. Félagasamtök voru kærndur í 10 tilfellum og 13 kærur bárust frá fyrirtækjum eða öðrum lögaðilum. Kærur frá fjölmiðlum voru 43 á árinu, en 32 árið áður. Athygli vekur að í málum þar sem kærandi er einstaklingur var málshafjandi karlkyns í 158 tilvikum árið 2020 en aðeins fjórar kærur bárust frá konum. Árið 2019 voru karlkyns kærndur 110 talsins en sex konur.

Tafla 3: Málshafjendur kærumála árið 2020.

2020	
Kærandi	Mál
Einstaklingur	162
Fyrirtæki	13
Samtök	10
Fjölmiðill	43
Samtals:	228

Eins og sjá má í töflu 4 lauk 113 af þeim málum sem kærð voru til nefndarinnar á árinu 2020 með úrskurði. Fjórum kærumálum vegna kæra sem bárust nefndinni árið 2020 var ólokið

við samantekt skýrslu þessarar en til samanburðar var sú tala þrjú mál árið 2019 og 34 árið 2018.

Tafla 4: Lyktir kærumála árið 2020.

2020	
Úrslit	Mál
Úrskurður	113
Niðurfelling	111
Framsent	0
Ólokið	4
Samtals:	228


Á árinu 2020 voru 111 kærumál felld niður hjá nefndinni. Mál eru felld niður þegar kærandi fær aðgang að umbeðnum gögnum við meðferð málsins hjá úrskurðarnefndinni, þegar beiðni kæranda er afgreidd í kjölfar kæru vegna afgreiðslutafa og þegar kæra er dregin til baka.

Tafla 5: Ástæður niðurfellingar mála árið 2020.

2020	
Ástæða	Mál
Gögn afhent	41
Beiðni afgr.	64
Kæra afturk.	6
Samtals:	111

Tölfræði úrskurða.

Á árinu 2020 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp 102 úrskurði á 22 fundum. Árið 2019 kvað nefndin upp 90 úrskurði og hafði hún þá ekki kveðið upp eins marga úrskurði á einu ári frá því að hún tók til starfa árið 1997.

Mynd 3: Fjöldi úrskurða á árunum 2000–2020.

Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2020 var mun styttri en árið á undan, eða 142 dagar að meðaltali frá kæru til úrskurðar (2019: 222 dagar, 2018: 212 dagar, 2017: 210 dagar, 2016: 391 dagar, 2015: 296 dagar). Að meðaltali liðu 76 dagar á árinu 2020 frá því síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður. Líkt og fyrri ár var málsmeðferðartími að jafnaði mun skemmri í málum sem lauk á annan hátt en með úrskurði. Í 29 úrskurðum af 102 úrskurðaði nefndin um að veita skyldi aðgang, í heild eða að hluta, að gögnum sem kæranda hafði áður verið synjað um aðgang að. Synjun var staðfest í 38 tilfellum, 19 málum var vísað heim til nýrrar afgreiðslu og 35 málum var vísað frá, ýmist í heild eða að hluta. Hér á eftir er yfirlit yfir úrskurði sem nefndin kvað upp á árinu.

Tafla 6: Úrskurðir sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað upp árið 2020.

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrskurðar	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
862	29.07.18	07.01.20	29.01.20	549	22	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
863	09.04.19	17.12.19	29.01.20	295	43	Frávísun
864	13.05.19	30.12.19	29.01.20	261	30	Synjun staðfest
865	09.05.19	10.12.19	29.01.20	265	50	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
866	21.05.19	02.07.19	29.01.20	253	211	Aðgangur
867	19.12.19	23.01.20	29.01.20	41	6	Heimvísun
868	09.12.18	22.01.19	14.02.20	432	388	Heimvísun

869	04.06.19	22.07.19	14.02.20	255	207	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
870	16.07.19	12.09.19	14.02.20	213	155	Synjun staðfest
871	01.08.19	13.12.19	14.02.20	197	63	Frávísun
872	02.10.19	18.10.19	14.02.20	135	119	Synjun staðfest
873	06.09.19	22.10.19	14.02.20	161	115	Aðgangur
874	29.11.19	03.12.19	14.02.20	77	73	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
875	10.05.19	10.02.20	26.02.20	292	16	Heimvísun
876	30.08.19	15.10.19	26.02.20	180	134	Aðgangur
877	06.09.19	09.09.19	26.02.20	173	170	Synjun staðfest
878	19.09.19	02.02.20	26.02.20	160	24	Synjun staðfest
879	24.10.19	09.12.19	26.02.20	125	79	Frávísun
880	03.10.19	03.12.19	24.03.20	173	112	Heimvísun
881	28.10.19	28.10.19	24.03.20	148	148	Endurupptöku hafnað
882	04.11.19	05.11.19	24.03.20	141	140	Synjun staðfest
883	14.11.19	22.12.19	24.03.20	131	93	Aðgangur
884	24.10.19	03.12.19	01.04.20	160	120	Aðgangur að hluta, heimvísun
885	20.12.19	14.02.20	01.04.20	103	47	Aðgangur að hluta
886	02.01.20	14.02.20	01.04.20	90	47	Aðgangur að hluta
887	23.12.19	29.01.20	01.04.20	100	63	Heimvísun
888	22.11.19	15.01.20	22.04.20	152	98	Aðgangur
889	26.08.19	31.03.20	22.04.20	240	22	Aðgangur að hluta, frávísun
890	06.09.19	06.03.20	22.04.20	229	47	Heimvísun
891	15.11.19	06.04.20	22.04.20	159	16	Aðgangur að hluta, frávísun
892	21.11.19	27.12.19	22.04.20	153	117	Heimvísun
893	27.12.19	19.01.20	22.04.20	117	94	Aðgangur
894	13.11.19	11.03.20	30.04.20	169	50	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
895	10.12.19	31.03.20	30.04.20	142	30	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
896	06.02.20	06.02.20	30.04.20	84	84	Frávísun
897	17.02.20	31.03.20	30.04.20	73	30	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
898	06.12.19	18.05.20	20.05.20	166	2	Aðgangur
899	14.12.19	08.01.20	20.05.20	158	133	Synjun staðfest, heimvísun, frávísun
900	16.12.19	08.05.20	20.05.20	156	12	Heimvísun
901	20.12.19	09.02.20	20.05.20	152	101	Synjun staðfest

902	18.11.19	05.05.20	08.06.20	203	34	Synjun staðfest
903	21.12.19	12.05.20	08.06.20	170	27	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
904	13.02.20	09.03.20	08.06.20	116	91	Synjun staðfest
905	19.01.20	27.02.20	08.06.20	141	102	Synjun staðfest
906	02.03.20	18.03.20	08.06.20	98	82	Frávísun
907	09.01.20	29.01.20	11.06.20	154	134	Synjun staðfest
908	08.01.20	03.06.20	11.06.20	155	8	Heimvísun, frávísun
909	17.04.20	17.04.20	11.06.20	55	55	Frávísun
910	15.01.20	14.02.20	11.06.20	148	118	Synjun staðfest
911	24.01.20	21.02.20	29.06.20	157	129	Aðgangur
912	27.02.20	11.03.20	29.06.20	123	110	Frávísun
913	07.04.20	22.06.20	29.06.20	83	7	Frávísun
914	10.02.20	25.06.20	29.06.20	140	4	Synjun staðfest, frávísun
915	29.01.20	01.07.20	14.07.20	167	13	Synjun staðfest, frávísun
916	26.02.20	20.03.20	14.07.20	139	116	Heimvísun
917	27.02.20	30.06.20	14.07.20	138	14	Frávísun
918	31.03.20	23.06.20	14.07.20	105	21	Aðgangur
919	05.05.20	22.06.20	14.07.20	70	22	Heimvísun
920	08.02.20	09.07.20	14.07.20	157	5	Synjun staðfest
921	31.03.20	23.04.20	28.08.20	150	127	Synjun staðfest
922	28.04.20	02.06.20	28.08.20	122	87	Synjun staðfest
923	03.07.20	28.07.20	28.08.20	56	31	Synjun staðfest
924	03.07.20	28.07.20	28.08.20	56	31	Synjun staðfest
925	22.07.20	19.08.20	28.08.20	37	9	Frávísun
926	30.01.20	24.06.20	25.09.20	239	93	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
927	13.03.20	18.08.20	25.09.20	196	38	Aðgangur að hluta, synjun staðfest
928	14.05.20	09.06.20	25.09.20	134	108	Heimvísun
929	28.05.20	19.06.20	25.09.20	120	98	Heimvísun
930	12.08.20	31.08.20	25.09.20	44	25	Aðgangur
931	28.02.20	28.09.20	20.10.20	235	22	Synjun staðfest
932	05.06.20	13.07.20	20.10.20	137	99	Frávísun
933	17.06.20	17.08.20	20.10.20	125	64	Aðgangur
934	06.07.20	31.07.20	20.10.20	106	81	Frávísun
935	15.07.20	28.09.20	20.10.20	97	22	Aðgangur að hluta

936	23.06.20	19.08.20	20.10.20	119	62	Frávísun
937	06.10.20	19.10.20	20.10.20	14	1	Endurupptöku hafnað
938	04.03.20	20.03.20	30.10.20	240	224	Frávísun
939	24.03.20	21.04.20	30.10.20	220	192	Aðgangur að hluta, synjun staðfest, heimvísun
940	10.06.20	19.07.20	30.10.20	142	103	Frávísun
941	04.07.20	04.08.20	30.10.20	118	87	Frávísun
942	14.08.20	14.08.20	30.10.20	77	77	Synjun staðfest
943	13.08.20	13.08.20	30.10.20	78	78	Frávísun
944	13.08.20	13.08.20	30.10.20	78	78	Frávísun
945	06.08.20	02.10.20	23.11.20	109	52	Frávísun
946	14.08.20	14.08.20	23.11.20	101	101	Frávísun
947	17.08.20	17.08.20	23.11.20	98	98	Frávísun
948	01.10.20	13.11.20	23.11.20	53	10	Endurupptöku hafnað
949	03.11.20	03.11.20	23.11.20	20	20	Endurupptöku hafnað
950	02.11.20	02.11.20	23.11.20	21	21	Frávísun
951	11.06.20	10.07.20	23.11.20	165	136	Synjun staðfest
952	08.07.20	30.08.20	30.11.20	145	92	Heimvísun
953	25.08.20	08.09.20	30.11.20	97	83	Frávísun
954	28.08.20	18.09.20	30.11.20	94	73	Synjun staðfest
955	25.08.20	25.08.20	30.11.20	97	97	Frávísun
956	07.09.20	25.09.20	30.11.20	84	66	Frávísun
957	02.10.20	27.10.20	30.11.20	59	34	Frávísun
958	29.06.20	07.07.20	30.11.20	154	146	Synjun staðfest
959	26.08.20	11.09.20	30.11.20	96	80	Synjun staðfest
960	28.09.20	26.10.20	17.12.20	80	52	Heimvísun, frávísun
961	15.10.20	18.11.20	17.12.20	63	29	Synjun staðfest
962	20.07.20	03.09.20	17.12.20	150	105	Frávísun
963	11.09.20	11.09.20	17.12.20	97	97	Aðgangur að hluta, frávísun
964	07.10.20	31.10.20	17.12.20	71	47	Heimvísun

Skipan og starfsaðstæður úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skipa nú Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Sigríður Árnadóttir, aðstoðarsaksóknari hjá héraðssaksóknara og fyrrverandi fréttamaður. Hafsteinn Þór er formaður nefndarinnar en hann hefur gegnt formennsku frá 1. apríl 2013. Kjartan Bjarni er varaformaður nefndarinnar. Elín Ósk Helgadóttir lögfræðingur, Sigurveig

Jónsdóttir, fyrrverandi fréttamaður, og Símon Sigvaldason, dómari við Landsrétt, eru varamenn. Skipunartími nefndarinnar er til 19. nóvember 2023.

Ráðið var í stöðu ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál í fullu starfshlutfalli frá og með 1. september 2019 og gegnir því starfi Ásthildur Valtýsdóttir lögfræðingur. Í fæðingarorlofi hennar er Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur ritari nefndarinnar. Árið 2020 starfaði Hrefna R. Jóhannesdóttir sérfræðingur í forsætisráðuneytinu einnig með nefndinni.

Afgreiðslutími úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Í skýrslu forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga árið 2019 var greint frá því að upplýsingalögum, nr. 140/2012, var breytt með lögum nr. 72/2019. Breytingalögin tóku gildi 5. júlí 2019 að undanskilinni 9. gr. þeirra sem tók gildi 1. janúar 2021. Með lögnum voru meðal annars gerðar breytingar á málshraðareglum upplýsingalaga.

Þannig er nú kveðið á um hámarks afgreiðslutíma stjórnvalda til að afgreiða beiðni um aðgang að upplýsingum en í 3. mgr. 17. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að hafi beiðni um aðgang að gögnum ekki verið afgreidd innan 30 virkra daga frá móttöku hennar sé beiðanda heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurði um rétt hans til aðgangs. Þessu til viðbótar var með ákvæði 23. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 15. gr. laga nr. 72/2019, hert á málsmeðferðartíma kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Í ákvæðinu er nú kveðið á um að úrskurðarnefnd um upplýsingamál skuli birta úrskurð þeim sem fór fram á aðgang að gögnum og þeim sem kæra beindist að svo fljótt sem verða má en að jafnaði innan 150 daga frá móttöku hennar. Með breytingunni var þannig aukið við regluna um að úrskurðarnefndin skuli birta aðilum úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

Undanfarin ár hefur meðalmálsferðartími nefndarinnar í málum sem lýkur með úrskurði verið yfir þeim 150 daga hámarkstíma sem nú er kveðið á um í 23. gr. upplýsingalaga eða 182 dagar árið 2014, 296 dagar árið 2015, 391 dagar árið 2016, 210 dagar árið 2017, 212 dagar árið 2018 og 222 dagar árið 2019. Hins vegar varð á því viðsnúningur á árinu 2020 þegar tókst að koma málsmeðferðartíma niður í 142 daga. Sá árangur náðist þrátt fyrir að kærur til nefndarinnar hafi fjölgað nokkuð á milli ára. Telja verður að fjölgun kæra til úrskurðarnefndarinnar milli ára kunni að skýrast að einhverju leyti af framangreindum breytingum á upplýsingalögum þess efnis að nú er heimilt að vísa máli til nefndarinnar hafi beiðni um upplýsingar ekki verið afgreidd innan 30 virkra daga frá móttöku hennar.

Umboðsmaður Alþingis hefur á undanförunum árum haft til athugunar afgreiðslutíma úrskurðarnefndarinnar og aflað í því skyni upplýsinga um afgreiðslu tíma mála. Með bréfi, dags. 30. apríl 2021, til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, lauk umboðsmaður Alþingis framangreindri athugun. Í bréfi umboðsmanns til úrskurðarnefndarinnar var tekið fram að umtalsverður árangur hefði náðst á árinu 2020 í að stytta málsmeðferðartíma nefndarinnar. Í því ljósi ákvað umboðsmaður að ljúka athugun sinni og láta við það sitja að hvetja nefndina til að gera það sem í hennar valdi stæði til þess að hraða afgreiðslu mála í samræmi við hina almennu reglu um að úrskurðir nefndarinnar skuli kveðnir upp svo fljótt sem verða má frekar en að miða við 150 daga viðmiðið sem kveðið er á um í upplýsingalögum.

Umboðsmaður ritaði forsætisráðherra einnig bréf þar sem tilkynnt var um framangreindar málalýktir. Í bréfinu var þeirri ábendingu komið á framfæri að hugað verði að úrbótum hjá úrskurðarnefndinni varðandi starfsskilyrði og starfsaðstöðu t.d. með því að fjölga starfsmönnum nefndarinnar og þá eftir atvikum að skipa málum þannig að formaður nefndarinnar væri sem slíkur í föstu starfi og sinni því eingöngu. Slíkt væri forsenda þess að stytta megi afgreiðslutíma mála. Þá skipti einnig máli að huga að því hvort það væri heppilegt að búa nefndinni starfsaðstöðu í forsætisráðuneytinu og starfsmenn þess sinni aðstoð við nefndina.

Ráðgjafi um upplýsingarétt almennings.

Líkt og fram kom í síðustu skýrslu forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga tók ráðgjafi stjórnvalda um upplýsingarétt almennings, sbr. 13. gr. a upplýsingalaga, nr. 140/2012, til starfa 1. september 2019 og var árið 2020 því fyrsta heila starfsár ráðgjafans. Ráðgjafi um upplýsingarétt almennings er Oddur Þorri Viðarsson lögfræðingur.

Á árinu 2020 voru stofnuð 95 mál í málaskrá ráðgjafans, flest vegna beiðni opinbers aðila um ráðgjöf vegna meðferðar beiðni um aðgang að gögnum.

Ráðgjafinn leitaði á árinu eftir samþykki Þjóðskjalasafns Íslands fyrir málalykli í málaskrá sinni, sbr. reglur nr. 572/2015, og var samþykki veitt með erindi safnsins, dags. 26. nóvember 2020. Þá tilkynnti ráðgjafinn Þjóðskjalasafni einnig um rafrænt mála- og skjalavörsluferfi og úrskurðaði safnið um notkun þess þann 19. apríl 2021.

Kærumál fjölmiðla hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Líkt og gert var í ársskýrslu forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga árið 2019 verða reifaðir stuttlega nokkrir úrskurðir úrskurðarnefndar um upplýsingamál á árinu 2020 er lúta að rétti fjölmiðla til aðgangs að upplýsingum. Fjölmiðlar stuðla að opinni og upplýstri umræðu í lýðræðissamfélagi með upplýsingagjöf til almennings og er í samræmi við það tekið sérstaklega fram í ákvæði 1. gr. upplýsingalaga að markmið laganna sé að tryggja gegnsæi í stjórnýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, meðal annars í þeim tilgangi að styrkja það aðhald sem almenningur og fjölmiðlar veita stjórnvöldum og auka möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni, sbr. 3. og 4. tölul. 1. gr. laganna.

Kærumálum vegna ákvarðana stjórnvalda um beiðnir fjölmiðla um aðgang að gögnum hefur fjölgað undanfarin ár og voru þau 43 talsins árið 2020. Ástæða þess getur meðal annars verið bætt upplýsingagjöf þeirra aðila sem falla undir upplýsingalög eða bættur málsmeðferðartími hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Hér á eftir eru reifaðir nokkrir úrskurðir nefndarinnar sem voru kveðnir upp á árinu 2020 er lútu að kærumálum frá fjölmiðlum.

Í úrskurði nr. 886/2020 frá 1. apríl 2020 voru atvik málsins þau að embætti ríkislögmans hafði synjað beiðni blaðamanns um aðgang að stefnum útgerðarfélaganna Eskju hf., Vinnslu- stöðvarinnar hf., Gjögurs hf., Ísfélags Vestmannaeyja hf., Skinney-Þinganes hf., Loðnu- vinnslunnar hf. og Hugins ehf. á hendur íslenska ríkinu vegna úthlutunar Fiskistofu á aflaheimildum í makríl. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst ekki á með ríkislögmanni að ákvæði laga um meðferð einkamála giltu um aðgang að stefnum í dómsmálum í vörslu embættisins. Var komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingalög giltu um afgreiðslu embættisins á beiðninni. Úrskurðarnefndin taldi enn fremur að almenningur ætti ríkan rétt til aðgangs að stefnunum enda væri þess þar krafist að íslenska ríkið greiddi skaðabætur á þeim grundvelli að úthlutun aflaheimilda hefði ekki verið lögum samkvæmt. Ríkislögmanni væri því aðeins heimilt að afmá upplýsingar úr stefnunum sem felldar yrðu undir 9. gr. upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna. Úrskurðarnefndin taldi tilgreindar upplýsingar vera mikilvægar virkar upplýsingar um fjárhags- eða viðskiptahagsmuni útgerðarfélaganna og falla þar af leiðandi undir 9. gr. upplýsingalaga. Að öðru leyti var það niðurstaða nefndarinnar að kærandi ætti rétt til aðgangs að stefnunum.

Í úrskurði nr. 923/2020 frá 28. ágúst 2020 voru atvik þau að kærandi, blaðamaður, kærði synjun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á beiðni hans um aðgang að lögfræðiálitum sem ráðuneytið aflaði í kjölfar tiltekins úrskurðar kærunefndar jafnréttismála. Ráðuneytið taldi gögnin falla undir undanþáguákvæði 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga en samkvæmt því nær réttur almennings til aðgangs að gögnum ekki til bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða aðila í

tengslum við réttarágreiningu eða til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað. Úrskurðarnefndin taldi ljóst að lögfræðialitanna hefði verið aflað við athugun á því hvort dómsmál skyldi höfðað og var synjun ráðuneytisins því staðfest.

Í úrskurði nr. 935/2020 frá 20. október 2020 voru atvik þau að ríkisskattstjóri synjaði beiðni Ríkisútvarpsins ohf. um aðgang að gögnum fyrirtækjaskrár um raunverulegt eignarhald félanna 365 hf., Frjálsrar fjölmiðlunar ehf., ION Finance ehf., Lyfja og heilsu hf., PCC Bakki-Silicon hf. og Rhea ehf. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst ekki á að gögnin væru undanþegin upplýsingarétti á grundvelli laga um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, eða þagnarskylduákvæðis laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Var því leyst úr rétti kæranda til aðgangs að gögnunum á grundvelli upplýsingalaga. Úrskurðarnefndin taldi ríkisskattstjóra óheimilt að veita kæranda aðgang að upplýsingum um upphæðir á hlutafjármiðum, vegabréfsnúmer, afrit vegabréfs og afrit af tilteknu bréfi en að öðru leyti var ríkisskattstjóra gert að veita kæranda aðgang að umbeðnum gögnum.